



Reykjavík, 15. febrúar 2024

MSS24020057

TILLAGA

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, samskipta- og mörkunarteymi

Sendandi: Aðgengis- og samráðsnefnd

Tillaga aðgengis- og samráðsnefndar um rólegt svæði/skynrými á

Menningarnótt:

Lagt er til að tilraun verði gerð með rólegt svæði/skynrými (t.d. tjald eða afmarkað rými innanhúss) á Menningarnótt, þar sem gestir geta dvalið til þess að hvíla skynfærin frá skarkalanum sem fylgir mannmergðinni og hátíðarhöldunum, í þeim tilgangi að bæta aðgengi ýmissa hópa að borgarhátíðinni, að fyrirmynd Svigrúms sem sett var upp í lðnó á Hinsegin dögum síðastliðnum. Þá verði rýmið auglýst sérstaklega fyrir þá hópa sem það kann að nýtast.

Greinargerð:

Einhverft fólk og annað fólk með skynúrvinnsluvanda veigrar sér við því að mæta á fjölmenna viðburði sökum erfiðleika sem fylgja skynáreiti. Einföld leið til þess að bæta aðgengi fyrir þessa hópa er að bjóða upp á afmarkað rými þar sem hægt er að komast í ró og næði, þar sem m.a. hljóð og birta eru dempuð, til þess að hvíla skynfærin. Þetta getur einnig komið öðrum hópum fólks vel, svo sem fólki með kvíða, mígreni eða aðra kvilla og raunar hverjum sem er öðrum sem finnst þau þurfa smá hvíld áður en haldið er áfram.



Reykjavík